

Reglur, meginmarkmið og skilyrði fyrir niðurgreiðslum Hafnarfjarðarbæjar hjá iðkendum 6 til 16 ára í íþróttá- og tómstundafélögum frá 1. júníseptember 2013

- Markmið niðurgreiðslna er að gera börnum með lögheimili í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþróttá- og tómstundastarfi óháð efnahag fjölskyldna og að efla íþróttá- og annað forvarnastarf í Hafnarfirði. Einnig á niðurgreiðslan að vinna gegn óæskilegu brottfalli í eldri aldurshópum iðkenda.
- Meginskilyrði fyrir endurgreiðslu til félaga verður að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi. Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglunga.
- Félag/deild fær greiddar fyrir hvern iðkanda á mánuði til lækkunar á þáttökugjaldi eins og hér segir , **kr. 1.700 fyrir 6 ára til 12 ára og kr. 2.550 fyrir 13 ára til 16 ára og miðað skal við fæðingarár. Ber félagi/deild að lækka þáttökugjald iðkandans sem þessu nemur við greiðslu á æfingagjaldi.**
- Niðurgreiðslur ná einungis til félaga með skipulagða kennslu/þjálfun í að minnsta kosti 10 vikur í senn og að lágmarki eina æfingu í viku.
- Ef þáttökugjald er hærra en sem nemur niðurgreiðslu Hafnarfjarðarbæjar innheimtir félag/deild mismuninn hjá forráðamönnum.
- Niðurgreiðsla bæjarins skal ekki nema hærri fjárhæð en ákvörðuðu æfingagjaldi.
- **Niðurgreiðslur ná eingöngu til tveggja íþróttá- og/eða tómstundagreina í senn.**
- Niðurgreitt verður aðeins hjá félögum utan Hafnarfjarðar sem bjóða upp á starfsemi sem ekki er í boði hjá félögum í Hafnarfirði.

- Framkvæmd niðurgreiðslunnar er þannig að forráðamenn verða að fara inn á **vef Hafnarfjarðarbæjar Mínar síður eða heimasíðu viðkomandi félags** og staðfesta þáttöku iðkandans hjá viðkomandi félagi/deild rafrænt. . Eingöngu er hægt að staðfesta þáttökuna í íbúagátt eða hjá viðkomandi félagi. Þegar forráðamaður staðfestir þáttöku barns fær viðkomandi félag/deild og Hafnarfjarðarbær staðfestingu þar um.. Mánaðarlega tekur Hafnarfjarðarbær saman lista með fjölda þáttökustaðfestinga forráðamanna og sendir til félaga/deilda og greiðir félögum/deildum niðurgreiðslustyrki samkvæmt nánara samkomulagi við viðkomandi íþróttafélag /deild útfrá heildarlista. **Í kvittun til þátttakenda um námskeiðskostnað skal félag geta um hlut bæjarfélagsins í greiðslu vegna námskeiðsgjaldsins.**
- Félög sem ekki eru tengd Nórakerfinu og Mínar síður verða að gefa út kvittun fyrir greiðslu æfingagjalda. Forráðamenn/iðkendur verða að koma kvittun fyrir greiðslu æfingagjalda til Þjónustuvers Hafnarfjarðar ásamt reikningi og sækja um niðurgreiðsluna þar. Á reikningnum skulu vera upplýsingar um iðkandann , nafn , kennitölu, bankareiknisnúmer, heimilisfang, æfingagjald, heiti og lengd æfingatímabils. Reikningar sem berast fyrir 15. hvers mánaðar eru færðir í bókhald og greiddir um 20. næsta mánaðar.
- Þjónustuverið s. 5855500 veitir frekari upplýsingar og aðstoð varðandi skráningar í íbúagáttina.

Samþykkt í Íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar 2106.056.2013

Samþykkt í Fjölskylduráði Hafnarfjarðar 2913.056.2013